

FUNDARGERÐ

Skólaráðsfundur 30. nóvember 2012

Mættir á fundinn voru: Þórunna Rósa (skólastjóri), Árni Jón (kennari), Guðlaug Ósk (kennari), Gróa (skólaliði), Alda Vala (foreldrafélag), Sólveig (foreldrafélag), Eysteinn Sölvi (10.bekk), Rósborg (10. bekk)

Dagskrá fundar kl. 13-14.20:

- Farið yfir fundargerð síðasta fundar.
- Fjárhagsáætlun Varmárskóla 2013 / 2012
- Niðurstaða samræmdra prófa.
- Skólapúlsinn.
- Önnur mál (grenndarfulltrúi o.fl.)

Grenndarfulltrúi í skólaráð

Fram kom á fundinum að ekki hefur borist svar/samþykki frá Aftureldingu varðandi grenndarfulltrúastöðu innan skólaráðs. Fundarmenn samþykktu að leita til Láru í Aftureldingu og að fá hann inn sem þriðja foreldir í skólaráðið ef ekki berist svar frá Aftureldingu fljótlega.

1)Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Einnig var því veitt eftirtekt að nafn Sólveigar, fulltrúa úr foreldrafélagi skólans, vantaði inn á og var það lagfært.

2)Fjárhagsáætlun 2013 / 2012

Farið var yfir fjárhagsáætlun Varmárskóla fyrir næsta vetur og voru nokkur atriði tekin fyrir:

Þórunna benti á hve mikilvægt það er varðandi fjárhagsáætlunina að hafa frelsi til að fara á milli lykla. En það veitir ákveðið svigrúm til að auka við fjárveitingu á einum stað á meðan hægt sé mögulega að minnka hann annars staðar.

Einnig hefur Þórunna verið að bera saman kostnað einstakra liða milli ára, sem var mjög athyglisvert.

a)Leikskóladeildin var lögð niður þetta haust (2012) sem skýrir kr.0.- í áætlun.

Hennar í stað var komið upp námsveri.

b) Þóranna benti réttilega á að mikil hækkun hefur orðið á öllum aðkeyptum matvælum, sem skýrir m.a. hækkun á seldu fæði, þ.á.m. ávaxtabita.

Einnig hefur verið komið til móts vegna kostnaðar í mótuneyti með niðurskurði á vinnuafli.

c) Launakostnaður hefur hækkað um 36% milli ára.

d) Þóranna bendir á að það þyrfti að bæta við einni stöðu forfallakennara, sem er kostnaður upp á ca.6. milljónir pr. árið.

e) Það hefur verið sett meira fjármagn í félagslíf nemenda, þ.a. nú er hægt að borga kennurum laun fyrir þátttöku í bekkjarkvöldum t.d.

f) Það vekur athygli að kostnaður vegna sorphirðu hefur minnkað eftir að skólinn fór á græna grein og tók til við að flokka sorph.

g) Skólinn mun þurfa stærra húsnæði. Rætt var færanlegar kennslustofur. Einnig voru reifaðar hugmyndir sem upp hafa komið að húsnæði Brúarskóla gæti nýst þegar nýi menntaskólinn verður tekinn í gagn. Ýmsar hugmyndir uppi um nýtingu þess húsnæðis sem hefði bæði kosti og galla í för með sér. Ýmsar hugmyndir voru reifaðar um mögulega nýtingu Brúarlands.

3) Niðurstaða samræmdurprófa

a) Niðurstaða samræmdra prófa var kynnt. Það kom fram á fundinum að nemendur í 10. bekk virðast ekki taka prófin alvarlega þar sem einkunnir út úr þeim skipta ekki máli við inngöngu í framhaldsskóla. Rætt var að leggja áherslu á að breyta þessu viðhorfi nemenda almennt. Einnig er komið nýtt svarfyrirkomulag á samræmdu prófunum, þar sem nemendum gefst kostur á að „giska“ á svar, sem virðist hafa breytt niðurstöðum til hins betra án þess að segja endilega til um kunnáttu nemandans.

b) Niðurstaða samræmdurprófa í 4. bekk hefði mátt vera betri. Þó er stór þáttur þar sem getur skipt máli, þ.e. að það komu 14 nýjir nemendur inn í 4. bekk í haust frá öðrum skólum og landshlutum og því ekki víst hvaða grunn þeir hafa.

4) Skólapúlsinn

a) Skólapúlsinn er netkönnun sem er lögð fyrir nemendur í 6.-10. bekk, varðandi ýmsa þætti námsins. Niðurstaðan sýnir að nemendur eru almennt jákvæðir í garð skólans, námsins, samnemenda, kennara og starfsfólki skólans. Þó eru margir þættir sem þarf að skoða betur, sérstaklega varðandi hvíld nemenda og vinnu með skóla.

b) Bent á að lestur er á mikilli uppleið sem og nánast allt annað er á uppleið. Það þarf þó að skoða betur almenna líðan nemenda (sálarheill).

c) Kennari bendir á hve nemendur séu óvenju skapandi almennt og duglegir. Einnig bent á að árgangar hafa alltaf verið misjafnir.

d) Árni spyr hvort áfram verði í boði þrívíddarteikning sem valfag fyrir nemendur, sem hefur verið vinsæl námsgrein meðal nemenda.

e) Það þarf að efla tengingu foreldra við nám barna sinna, t.a.m. með aukinni þátttöku foreldra í ferðum nemenda. Bent á að taka þetta umræðuefni fyrir í foreldrafélaginu og meðal bekkjarfulltrúa.

f) Bent á að kostnaður við hvern nemanda í námslokaferð sé um kr.40.000.- Tiundi bekkur hefur verið með söfnun í gangi. Eldri nemendur fá greiðslu frá skólanum fyrir gæslu yngri nemenda í frímínútum. f

g)(i) Einnig fá nemendur greitt fyrir hreinsun á svokölluðum hreinsunardegi.

(ii) Bent á að tilvalið væri að foreldrar gætu komið og unnið fyrir barnið sitt.

h) Foreldrafélagið bauð 10. bekkingum að vinna við jólabingó félagsins og fá greitt fyrir. Ótrúlega lítil þátttaka því fáir hafa boðið sig fram.

i) Nemendaráðið er einnig með skipulagða söfnun í gangi fyrir útskriftarballið, í formi ýmissa hátíða. Fulltrúar nemendaráðs benda á að innkomunni sé skipt jafnt á milli, þó svo að það séu alltaf sömu, fáu einstaklingarnir sem vinni alla vinnuna.

j) Nemendur safna með jólakortasölu, þar sem hver og einn fær greitt samkvæmt afköstum.

k) (i) Það þykir mjög brýnt að fá umræðu við foreldra varðandi vinnu barna með skóla. Alltof margir nemendur eru að vinna allt að 30 klukkustundir á viku með náminu. Þetta kemur auðvitað niður á námsgetu. Þetta getur einnig haft áhrif á sálarheill nemenda.

(ii) Fram kemur að félagslega aðlögun er vandamál hjá of mörgum. Það hefur verið aukin þörf á námsráðgjöfum vegna þessa. Einnig bent á að Þórdís djákni er sinnir yngri deild, mun á næstu árum láta af störfum vegna aldurs, en það hefur verið mikil aukning á viðtölum hjá henni þar sem þörfin er mikil.

l) (i) Einelti er marktækt mun minna og er Varmárskóli alltaf fyrir neðan landsmeðaltal. Skólinn fær mörg börn inn frá öðrum skólum þar sem ekki hefur tekist að laga þeirra mál og aðlagast þau vel í Varmárskóla.

(ii) Vakin athygli á því að því miður hafi Varmárskóli á sér orð fyrir að vera „eineltisskóli“ sem er fjarri lagi og því nauðsynlegt að koma því betur til skila meðal foreldra og nemenda hve staða skólans sé góð í þessum málum. Það þarf að kveða niður „gamla drauga“.

m) Fram kemur að nemendur sjálfir vilja fá meiri aga í skólanum. Einnig vilja þeir meiri vinnufrið á bókasafni skólans. Mælt með að loka fyrir alla tölvuleiki.

n) Einnig bent á að of mikið er um að einstaka nemendur stundi þjófnað á bókasafninu.

5) Önnur mál

a) Ályktun bekkjarfulltrúa og foreldrafélags var lögð fyrir og bókuð.

(i) Það skal tekið fram að margt sem er í ályktuninni er komið í vinnuferli og á gott skrið, t.d. lýsing við skólann.

(ii) Einnig er þarfagreining í gangi vegna hugbúnaðar við skólann.

b) Vínaleið hjá Þórdísi djákna. Aftur ítrekað hve þörfin er mikil fyrir þess konar þjónustu innan skólans.

c) Þóráanna sýndi og las bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, varðandi úttekt á skólastarfi Varmárskóla. Þar kemur fram að skýrslu varðandi úttektina hafi verið skilað til ráðuneytisins og búið sé að bóka hana og að málinu sé formlega lokið hjá þeim.

d) Skýrsla varðandi sérfræðiþjónustu skólans verður tekin fyrir á næsta fundi, þar sem hún er löng og krefst mikils tíma í umræðu.

Fundi slitið.

Sólveig Franklinsdóttir